

**102** kjósi heldur að ákveðið verði eptir dönskum skipamælingareglum hvað draga skuli frá  
10. ágúst. brutto-tonsmálinu fyrir íverustað handa skipverjum, fyrir skipstjórnarverkfæri, gufuspil og ljettavjalar. Þó skal við þennan frádrátt til að finna netto-tonsmálið, farið eptir því tonsmáli, sem tilfært er í skýrteininu fyrir hvert einstakt rúm, eða án þess eiginleg mæling fari fram með þeim kostnaði og töfum, er henni fylgja.

Að öðru leyti á yfir höfuð að fara eptir því, sem fyrir er sagt í umburðarbrjefinu nr. 15 um skipamælingar, sem dagsett er 1. ágúst 1878 IV D.

Um leið og það, sem að framan er skráð, tilkynnist hjermeð tollstöðunum til eptirbreytni, eru þeir beðnir að leiða athygli danskra skipstjóra að þessari nýbreytingu.

Aðalstjórn skattamálanna, Kaupmannahöfn 5. júlí 1883.

Lange.

A. Ipsen.

**103** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um greiðslu prestmötugjalds-  
27. sept. ins af Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustursjörðum. — Í tilefni af athugasemd hins umboðslega endurskoðanda við umboðsreikning Kirkjubæjarklausturs árið 1879, viðvíkjandi útreikningnum á prestmötugjaldinu af jörðum umboðsins, lagði hinn fyrverandi landshöfðingi yfir Íslandi það til við ráðgjafann, með brjefi 18. júlí f. á., að ákveðið yrði, að prestmötuna af Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustursjörðum skyldi greiða að helmingi eptir smjörverði verðlagsskrárinnar, og að helmingi eptir meðalverði allra meðalverða verðlagsskránni.

Ráðgjafinn verður þó að álíta ísjárvert að gjöra slíka ákvörðun; því að eins og álitsskjöl frá biskupi og prestinum að Kirkjubæjarklaustri, er fylgdu með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 7. f. m., bera með sjer, hefur þeirri aðalreglu verið fylgt um mörg undanfarin ár við greiðslu prestmötugjalds af Kirkjubæjarklaustri, þó að einstöku sinnum hafi verið vikið lítið eitt frá henni, að helmingur gjaldsins hefur verið greiddur í smjöri eða í peningum eptir smjörverði verðlagsskrárinnar, og tveir hlutar hins helmingins í peningum eptir meðalverði á ull, smjöri og tólg, en einn hlutinn í landaurum, eptir meðalverði á hinum sömu aurum; og hinn sami gjaldmáti virðist einnig að hafa tíðkast að því er snertir Þykkvabæjarklaustursjarðir.

En með því að ráðgjafinn álitur æskilegt, að til sje í þessu efni föst og sameiginleg regla, skal svo fyrirskipað samkvæmt framansögðu, að ofannefnt prestmötugjald skal framvegis greitt á þann hátt, er að ofan er um getið, að venja hafi verið til.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**104** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um að lærisveinar læknaskólans skuli hafa verklegar æfingar í meðalatilbúningi. — Eptir uppástungu landlæknisins yfir Íslandi hefur hinn fyrverandi landshöfðingi, í brjefi frá 11. apríl þ. á., lagt það til, að lærisveinum á læknaskólanum yrði gjört að skyldu að hafa verklegar æfingar nokkrar stundir í viku hverri síðasta námsár sitt í því að búa til meðöl hjá lyfsalanum í Reykjavík, sem hefur tjáð sig fúsan til að veita þeim ókeyypis þá leiðbeiningu, er þörf er á.

Í tilefni af þessu skal ekki látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að ráðgjafinn fellst á ofangreinda tillögu landshöfðingja, en væntir þess þó, að kennslugrein sú, sem hjer ræðir um, eigi verði látin hafa nein áhrif á einkunn þá, er læknaefnin hljóta við burtfararprófið frá skólanum.